

Svör Pírata við spurningalista ÍBR.

1. Hvað vill þitt framboð gera í íþróttamálum á næsta kjörtímabili?

Píratar leggja áherslu á að styrkja íþróttastarf barna og unglinga, auka aðgengi að því fyrir alla samfélagshópa og tryggja að allir hafi kost á heilsueflandi frístundum í sínu nærumhverfi. Við lítum á íþróttastarf sem eflandi fyrir félagsleg tengsl og að það geti unnið gegn einangrun og jaðarsetningu og því leggjum við höfuðáherslu á að útvíkka þátttökumöguleika fyrir alla, óháð uppruna, trúarbrögðum og efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna.

2. Hver er afstaða ykkar til afreksstarfs í Reykjavík? Teljið þið rétt að vera með bein fjárframlög til afreksstarfs eins og tíðkast í sumum nágretta-sveitarfélögum?

Markmið Pírata með styrkingu íþróttastarfs er að efla félagsleg tengsl og heilbrigði, að þetta sé heilbrigð tólmstund, sem geti leitt til afreka, en að það sé ekki forgangsmál okkar. Við teljum þó að með viðtækri þátttöku í íþróttum, og með viðhaldi á góðri og fjölbreyttri íþróttaaðstöðu víðsvegar um borgina, sé lagður besti mögulegi grundvöllur að því að upp geti vaxið afreksfólk í íþróttum.

Okkar forgangur er þó á íþróttir fyrir alla og samkvæmt okkar stefnu munum við gera þá kröfu til íþróttafélaga sem þiggja styrki á vegum borgarinnar að tækifæri allra barna sem vilja stunda íþróttir séu tryggð til jafns, burt séð frá möguleikum, eða áhuga, barnsins á að einbeita sér að afrekum í greininni.

3. Hver er afstaða ykkar til þjóðarleikvanga, uppbyggingu þeirra og reksturs?

Okkar afstaða er að þó ekkert sé að því að eiga slíka leikvanga, og þeir geti reyndar verið jákvæðir fyrir borgina og íbúa hennar, þá getum við ekki lagt áherslu á að forgangsraða byggingu þeirra meðan mikil þennsla er í samfélaginu og sérstaklega í byggingariðnaði. Okkar áhersla er á uppbyggingu nýs húsnæðis á þættingarsvæðum borgarinnar og við teljum að ruðningsáhrif frá stórrí opinberri framkvæmd myndu einungis tefja fyrir þeirri uppbyggingu og binda mannauð og fjármagn sem væri betur varið til þess verkefnis. Í svipinn myndum við frekar vilja styðja við rekstur og mönnun þeirra íþróttamannvirkja sem fyrir eru.

Verkefni sem þetta er hins vegar tilvalið þegar um hægist og niðursveifla verður í hagkerfinu. Ef uppbygging innviða og íbúðahúsnæðis dugir ekki til að halda viðunandi atvinnustigi og fjárfestingu í byggingariðnaði eru stór verkefni á borð við þjóðarleikvang einmitt ágæt leið til að jafna út niðursveifluna.

4. Hver er afstaða ykkar til frístundaaksturs í hverfum borgarinnar?

Þar sem börn komast ekki í frístundastarf gangandi eða hjólandi, eða með almenningssamgöngum (vegna ungs aldurs eða ágalla á leiðakerfi) teljum við frístundaakstur mjög góða lausn sem geti dregið úr umferðarpunga og sparað foreldrum sporin, en jafnframt tryggt möguleika barna á þátttöku sem annars kæmust ekki. Á endanum viljum við að hverfi séu skipulögð með þeim hætti að börn og aðrir íbúar geti komist fótgangandi milli skóla, íþróttahúsa og annarar nærþjónustu.